Þróunarsjóðnum ætlað að stuðla að aukinni arðsemi

NEFNDIN gerir svohljóðandi grein fyrir Þróunarsjóði sjávarútvegsins:

„Auk hins djúpstæða skoðanamunar um veiðigjald sem leysa þurfti voru skuldastaða og offjárfesting sjávarútvegsins viðfangsefni sem taka þurfti til umfjöllunar við mótun sjávarútvegsstefnu. Samkomulagi ríkisstjórnarinnar um stofnun Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er ætlað að taka á þessum málum.

Umframafkastageta er bæði í veiðum og vinnslu og varð hún enn sýnilegri en áður með tilkomu aflamarkskerfisins. Finna þurfti leið til að auðvelda sjávarútveginum að laga afkastagetu sína að minni heildarafla og markvissari sókn. Þá er skulda- og afkomustaða sjávarútvegsins slík að mikil gjaldþrot blasa við með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fyrirtæki sem í hlut eiga, bankakerfið, lánasjóði og eintök byggðalög, ef ekkert verður að gert.

Þróunarsjóðnum er fyrst og fremst ætlað að ná tökum á umframafkastagetu í greininni á þann hátt að framleiðslutæki sem tekin eru úr rekstri verði ekki tekin í notkun að nýju. Markmiðið er að taka húsnæði, áhöld og aðstöðu úr rekstri og draga þannig varanlega úr afkastagetu greinarinnar.

Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er á þennan hátt að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Í því skyni getur sjóðurinn keypt fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra og greitt styrki vegna úreldingar fiskiskipa. Jafnframt er sjóðnum ætlað að stuðla að skipulagsbreytingum í sjávarútvegi í samvinnu við lánastofnanir, enda leiði slík endurskipulagning til verulegrar hagræðingar. Þá er sjóðnum heimilt að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis með fjárhagslegri fyrirgreiðslu og hafa um það forystu. Þá getur hann einnig haft samstarf við alþjóðlegar lánastofnanir í þessu skyni."

Gjald af úthlutuðu aflamarki

„Stofnfé sjóðsins skal vera eignir Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Sjóðurinn tekur við eignum og skuldbindingum atvinnutryggingadeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja svo og eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar. Ríkissjóður leggur sjóðnum til 4 milljarða króna að láni, sem endurgreiðist á nokkrum árum. Jafnframt falla niður lagaákvæði um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Um úreldingarstyrki vegna fiskiskipa skulu gilda svipuð ákvæði og í lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Þá er sjóðnum ætlað að kaupa fiskvinnslustöðvar og föst framleiðslutæki þeirra í því skyni að auka arðsemi fiskvinnslu í landinu, enda hafi viðkomandi stöð fengið útgefið fullgilt vinnsluleyfi eða að fiskvinnsla hafi verið stunduð í fasteigninni með tilskildu vinnsluleyfi síðustu ár og henni hafi ekki verið ráðstafað varanlega til annarra nota. Það er jafnframt skilyrði að þær eignir sem sjóðurinn kanna að festa kaup á séu afhentar veðbandslausar.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að selja þær fasteignir sem sjóðurinn eignast til óskyldrar starfsemi. Skal þeirri kvöð þinglýst á fasteignirnar að þær verði ekki framar nýttar til fiskvinnslustarfsemi.

Þá er samkomulag um að frá og með því fiskveiðiári sem hefst þann 1. september 1996 skuli innheimt gjald af úthlutuðu aflamarki. Upphæð þessa gjalds skal miðast við að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum þeim sem hann tekur á sig. Skal gjaldið renna til sjóðsins á meðan hann starfar, en sjóðurinn verður í eigu íslenska ríkisins. Þessi gjaldtaka er málamiðlun stjórnarflokkanna í veiðigjaldsmálinu. Þegar hún lá fyrir taldi nefndin ekki tilefni til að vinna frekar að þessum málaflokki."

Krókaleyfisbátar fái 70% af aflareynslu síðasta fiskveiðiárs

MEIRIHLUTI nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu leggur til að krókabátar fari á aflamark strax 1. september næstkomandi. Næg reynsla af núgildandi fyrirkomulagi liggi fyrir og óþarft að láta ákvörðun þess efnis bíða til 1. september 1994 eins og gert hefur verið ráð fyrir. Meirihluti nefndarinnar leggur til að krókaleyfisbátum verði í heild úthlutað 70% af aflareynslu krókaleyfisbáta á fiskveiðiárinu 1991-1992, eða sem jafngildir 13.275 þorskígildistonna kvóta, en að óbreyttu bæri þeim 4.300 tonna aflamark.

Einnig leggur meirihluti nefndarinnar til að bátar undir 6 brúttórúmlestum, sem völdu aflamark á sínum tíma, fái 825 tonna viðbótarúthlutun þannig að heildaraflamark þeirra verði aldrei undir 4.725 tonnum, en núverandi aflamark þessara báta er 3.900 tonn.

Með þessu móti verður meðalaflamark krókaleyfisbáta 11,8 þorskígildistonn. Meirihluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að bæta þeim bátum undir 6 tonnum, sem völdu aflamark frá fiskveiðiárinu 1991, að einhverju leyti þá skerðingu aflaheimilda sem þeir hafa orðið fyrir vegna þess að eigendur þeirra hefðu átt þess kost að velja krókaleyfi, sem hefði e.t.v. fært meiri aflahlutdeild.

Takmarkað framsal

Þá er lagt til að varanleg aflahlutdeild og viðbótarúthlutun til báta undir 6 brúttólestum verði aðeins framseljanleg til annarra báta í sama flokki með það að markmiði að takmarka eins og unnt er röskun í útgerðarmynstrinu.

Einn nefndarmanna, Árni Vilhjálmsson, mælti með að tekið yrði á málum krókaleyfisbáta á þann hátt sem ákveðið væri í gildandi lögum og taldi að með tillögu meirihluta nefndarinnar væri gengið óhóflega langt á kostnað annarra útgerða og sjómanna, auk þess sem hann lýsti sig andvígan hvers konar takmörkun á framsalsrétti veiðiheimilda smábátanna.

Athafnafrelsi erlendra skipa í höfnum verði aukið

ATHAFNAFRELSI erlendra skipa í íslenskum höfnum verður aukið, samkvæmt tillögum nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu. Nefndin gerir þannig grein fyrir tillögu sinni:

„Leyfi erlendra skipa til athafna í íslenskum höfnum hefur lengst af verið afar takmarkað. Ástæða þessa hefur öðru fremur verið vilji til þess að gera veiðar erlendra skipa hér við land erfiðari en ella, enda oftar en ekki verið að veiða úr fiskistofnum í samkeppni við íslensk fiskiskip og í andstöðu við hugmyndir Íslendinga um eignarrétt á fiskistofnunum. Útfærsla landhelginnar og almenn þróun hafréttarmála hafa breytt viðhorfum í þessum málum. Yfirráð Íslendinga yfir fiskistofnum eru í meira mæli viðurkennd nú en áður og náðst hefur samkomulag um nýtingu flestra þeirra stofna, sem teljast vera sameiginlegir með öðrum. Alþingi hefur því séð ástæðu til þess að slaka á þeim takmörkunum sem gilt hafa um athafnafrelsi erlendra skipa í íslenskum höfnum, enda fylgja þeim umsvifum verkefni og tekjur fyrir Íslendinga. Þetta styður einnig þá þróun sem er að hefjast, að íslensk fyrirtæki fjárfesti í erlendum útgerðarfyrirtækjum, og nái þannig meiri áhrifum en ella á veiðum og vinnslu sjávarafla.

Þær tilslakanir sem Alþingi hefur ákveðið um athafnafrelsi erlendra skipa í höfnum landsins, virðast ekki vera nægilega óyggjandi til þess að tryggja þann aðgang, jafnvel þótt skipin séu að meirihluta í eigu íslenskra aðila. Nefndin telur því þörf á að opna þessar heimilir enn frekar."

Starfslaunum úthlutað til listamanna

Úthlutunarnefndir listamannalauna hafa lokið störfum. Alls bárust 434 umsóknir um starfslaun listamanna og var eftirtöldum listamönnum veitt starfslaun:

Úr Listasjóði:
3 ár:
Áshildur Haraldsdóttir,
Bryndís Halla Gylfadóttir,
Þorsteinn Gauti.
1 ár:
Halldór E. Laxness,
Hallveig Thorlacius,
Jón Aðalsteinn Þorgeirsson,
Sigrún Eðvaldsdóttir.
6 mánuði:
Alda Arnardóttir,
Arnaldur Arnarson,
Auður Bjarnadóttir,
Edda Erlendsdóttir,
Elva Ósk Ólafsdóttir,
Guðmundur Jónsson,
Guðný Guðmundsdóttir,
Guðríður St. Sigurðardóttir,
Gunnar Kvaran,
Helga Arnalds,
Inga Bjarnason,
Katrín Didriksen,
Kristinn H. Árnason,
Kristín Jóhannesdóttir,
Messíana Tómasdóttir,
Pétur Eggertz,
Pétur Jónasson,
Ragnheiður Tryggvadóttir,
Selma Guðmundsdóttir,
Sigrún Valbergsdóttir,
Snorri Þórisson,
Sverrir Guðjónsson,
Valgeir Guðjónsson,
Þór Hrafnsson Tulinius,
Þórunn Sigurðardóttir,
Örn Magnússon.
Ferðastyrk:
Ásdís Skúladóttir,
Einar Kristján Einarsson,
Guðrún Birgisdóttir,
Hlín Gunnarsdóttir,
Kolbrún Kristjana Halldórsdóttir,
Kristín G. Magnús,
Martial Guðjón Nardeau.

Úr Tónskáldasjóði:
3 ár:
Þorkell Sigurbjörnsson.
1 ár:
Jónas Tómasson.
6 mánuði:
Hilmar Þórðarson,
Lárus H. Grímsson,
Tómas Ragnar Einarsson.
Ferðastyrk:
Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson,
Þorsteinn Hauksson.

Auk þess voru veitt listamannalaun til þeirra listamanna sem fengið hafa listamannalaun undanfarin ár og eru orðnir 60 ára og eldri, skv. 3. gr. laga nr. 35/1991 og ekki fengu starfslaun. Hver fær styrk að fjárhæð kr. 87.000. Þau eru:
Agnar Þórðarson,
Ármann Kr. Einarsson,
Árni Björnsson,
Benedikt Gunnarsson,
Bragi Ásgeirsson,
Bragi Sigurjónsson,
Einar G. Baldvinsson,
Eiríkur Smith,
Elías B. Halldórsson,
Eyþór Stefánsson,
Filippía Kristjánsdóttir,
Gísli Halldórsson,
Gísli Magnússon,
Gísli Sigurðsson,
Guðmunda Andrésdóttir,
Guðmundur Ingi Kristjánsson,
Guðmundur Jónsson,
Guðmundur L. Friðfinnsson,
Gunnar Dal,
Gunnar Eyjólfsson,
Hallgrímur Helgason,
Helgi Sæmundsson,
Herdís Þorvaldsdóttir,
Hjörleifur Sigurðsson,
Hrólfur Sigurðsson,
Hörður Ágústsson,
Jóhannes Geir Jónsson,
Jóhannes Helgi Jónsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Jón Ásgeirsson,
Jón Björnsson,
Jón Dan Jónsson,
Jón Óskar,
Jón Þórarinsson,
Jónas Árnason,
Kjartan Guðjónsson,
Kristinn Hallsson,
Kristinn Reyr,
Kristján Einarsson,
Magnús Blöndal Jóhannsson,
Magnús Jónsson,
Ólöf Pálsdóttir,
Óskar Aðalsteinn,
Pjetur Friðrik Sigurðsson,
Róbert Arnfinnsson,
Rúrik Haraldsson,
Rögnvaldur Sigurjónsson,
Sigurður Hallmarsson,
Sigurður Sigurðsson,
Skúli Halldórsson,
Stefán Júlíusson,
Steingrímur St.Th. Sigurðsson,
Svava Jakobsdóttir,
Sveinn Björnsson,
Veturliði Gunnarsson,
Vilborg Dagbjartsdóttir,
Þórunn Elfa Magnúsdóttir,
Þuríður Pálsdóttir,
Örlygur Sigurðsson.

Úr Launasjóði rithöfunda:
3 ár:
Pétur Gunnarsson,
Þórarinn Eldjárn.
1 ár:
Einar Már Guðmundsson,
Fríða A. Sigurðardóttir,
Gyrðir Elíasson,
Ingibjörg Haraldsdóttir,
Ólafur Haukur Símonarson,
Vigdís Grímsdóttir.
6 mánuði:
Andrés Indriðason,
Berglind Gunnarsdóttir,
Birgir Sigurðsson,
Birgir Svan Símonarson,
Böðvar Guðmundsson,
Egill Egilsson,
Einar Heimisson,
Guðjón Friðriksson,
Guðlaugur Arason,
Guðmundur Andri Thorsson,
Guðmundur Ólafsson,
Guðmundur Steinsson,
Hallgrímur Helgason,
Hannes Sigfússon,
Heiður Baldursdóttir,
Iðunn Steinsdóttir,
Inga Huld Hákonardóttir,
Ingibjörg Hjartardóttir,
Ísak Harðarson,
Jónas Þorbjarnarson,
Kristín Ómarsdóttir,
Kristín Steinsdóttir,
Kristján Kristjánsson,
Linda Vilhjálmsdóttir,
Nína Björk Árnadóttir,
Oddur Björnsson,
Ólafur Gunnarsson,
Páll Pálsson,
Rúnar Ármann Arthúrsson,
Rúnar Helgi Vignisson,
Sigfús Bjartmarsson,
Sigfús Daðason,
Sigurður A. Magnússon,
Sigurður Pálsson,
Sigurjón B. Sigurðsson - Sjón,
Stefán Hörður Grímsson,
Sveinbjörn I. Baldvinsson,
Þorgeir Þorgeirson,
Þorsteinn frá Hamri,
Þórður Helgason,
Þórunn Valdimarsdóttir.

Úr Launasjóði myndlistarmanna:
3 ár:
Kristján Guðmundsson,
Tumi Magnússon.
1 ár:
Ásgerður Búadóttir,
Daði Guðbjörnsson,
Georg Guðni Hauksson,
Hannes Lárusson,
Ingólfur Arnarson,
Jón Óskar Hafsteinsson,
Sigurður Árni Sigurðsson,
Svala Sigurleifsdóttir.
6 mánuði:
Arngrunnur Ýr Gylfadóttir,
Bjarni H. Þórarinsson,
Helgi Gíslason,
Hringur Jóhannesson,
Jón Axel Björnsson,
Kolbrún Björgólfsdóttir,
Kristín Gunnlaugsdóttir,
Kristján Steingrímur Jónsson,
Magnús Pálsson,
Sigrún Guðjónsdóttir,
Sigurður Örlygsson,
Sverrir Ólafsson,
Valgerður Hauksdóttir,
Þorvaldur Þorsteinsson.
Ferðastyrk:
Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir,
Hafdís Ólafsdóttir,
Hafsteinn Austmann,
Haraldur Jónsson,
Margrét Jónsdóttir,
Ólafur Gíslason.